

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari **112** birtingar fyrir hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps og ber yður að annast um, að **12. okt.** hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

**Staðf-sting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð sýslumanns **113** Sigurðar E. Sverrissonar og konu hans Ragnhildar Jónsdóttur, útgefin á venju-<sup>8. sept.</sup> legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 8. september 1918. Skipulagsskáin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð sýslumanns Sigurðar E. Sverrissonar og konu hans Ragnhildar Jónsdóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður sýslumanns Sigurðar E. Sverrissonar og konu hans Ragnhildar Jónsdóttur.

### 2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands þannig, að allir vextir leggist við höfuðstólinn, og eins það, er vinir eða vandamenn þeirra hjóna kynnu að leggja í hann, þar til vextir hans nema 60 — sextíu — krónum eða meira, þá skal að eins skylt að leggja  $\frac{1}{6}$  — einn sjötta — vaxtanna við höfuðstólinn, en  $\frac{5}{6}$  má verja á þann hátt, er segir í 4. og 5. grein.

### 3. gr.

Sýslunefnd Strandasýslu hefir alla stjórn sjóðsins, og skal oddviti hennar jafnan annast um geymslu á skirteinum Söfnunarsjóðsins, ásamt öllum skjölum, er sjóðnum tilheyra, þar á meðal skipulagsskrá þessari. Oddviti heldur árlegan reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, og leggur hann fram til sýnis á hvers árs aðalfundi nefndarinnar, eftir að sá tími er kominn, er farið er að eyða nokkru af vöxtunum. Þangað til nægir að sýna nefndinni viðskiftabók Söfnunarsjóðsins á fyrsta aðalfundi eftir að síðustu vextir eru innfærðir í hana, er ekki má vera sjaldnar en fimta hvert ár.

## 4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki verður lagður við höfuðstólinn samkvæmt 2. gr., skal verja sem verðlaunum til eins eða fleiri búandi manna í Strandasýslu fyrir endurbætur á ábýlum þeirra, samanber þó 5. grein.

Verðlaun til hvers einstaks manns skulu eigi vera lægri en 50 — fimtíu — krónur og ekki hærri en 120 — eitt hundrað og tuttugu — krónur. Þau skulu jafnan standa á tug, og skal það af vöxtunum, sem þannig verður framyfir verðlaunaupphæðina, vera óhreyft í Söfnunarsjóðnum og leggjast þar við höfuðstólinn, þangað til unt er að verja því samkvæmt 5. grein.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að  $\frac{5}{6}$  hlutar vaxtanna nema meiru en 300 — þrjú hundruð — krónum, þá má verja því, sem umfram er, til styrktar einhverju stærra búnaðarfyrirtæki, sem álist vera til verulegrar eflingar búnaði, í meiri eða minni hluta sýslunnar, svo sem einum eða fleiri hreppum.

## 6. gr.

Þegar verðlaun eru veitt, skal ekki einungis taka tillit til þess, hve miklar endurbætur hver einstakur umsækjandi hefir gjört, heldur einnig hvernig þær eru af hendi leystar með tilliti til endingar, og skal þess þá einnig gætt, hvort þær eru heimilinu til þrýðis, þrifnaðar eða þæginda, þó þær gefi eigi svo mikinn arð í bráðina, sem aðrar endurbætur gætu gefið. Sömuleiðis skal ávalt taka tillit til efnahaðs og annara ástæðna umsækjanda. Þannig skal að öðru jöfnu hinn efnaminni ávalt ganga fyrir þeim, sem efnadri er.

## 7. gr.

Til þess að fá verðlaun, útheimtis, að um þau sje sótt brjeflega til sýslunefndarinnar, og að umsókninni fylgi skýrsla um endurbæturnar frá tveimur óvilhöllum búfróðum mönnum, útnefndum af sýslumanni, og skal aðeins taka til greina þær endurbætur, sem gjörðar hafa verið á síðastliðnum 10 árum, áður en um verðlaunin er sótt.

## 8. gr.

Þegar til þess kemur að veita af sjóðnum styrk til stærri fyrirtækja, samkvæmt 5. gr., þá skal um hann vera sótt af einhverju búnaðarfjelagi sýslunnar, og skal skilyrði fyrir veitingunni einkum vera það, að fyrirtækið sje þegar framkvæmt, og að það sje að dómi óvilhallra skynbærra manna hlutaðeigandi sveit eða sveitum til verulegs gagns um lengri tíma, og má þá veita styrkin um fleiri eða færri ár í röð, upp í vexti og afborgun af því fje, er upphaflega var lagt í fyrirtækið, enda sje því svo vel haldið við, að það beri fullkominn arð, svo lengi sem það nýtur styrksins.

## 9. gr.

113

8. sept.

Nákvæmari reglur um notkun sjóðsins hefir sýslunefnd Strandasýslu heimild til að setja, hvenær sem henni þykir þörf á vera, einungis að þær komi ekki í bága við ákvæði þau, sem hjer eru sett.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 340,52 — þrjúhundruð og fjörutíu krónur, 52 aurar.

Reykjavík 6. ágúst 1917.

*Guðjón Guðlaugsson. Vilhj. Ingvarsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð hjónanna Önnu Guðmundsdóttur og Guðmundar Pjeturssonar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 4. nóvember 1918. Skipulagsskráin er þannig:

114

4. nóv.

## Skipulagsskrá

fyrir minningarsjóð hjónanna Önnu Guðmundsdóttur og Guðmundar Pjeturssonar.

(Stofnaður árið 1914).

## 1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Minningarsjóður Önnu Guðmundsdóttur og Guðmundar Pjeturssonar«. Heimili hans og varnarþing skal ávalt vera á Blönduósi.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að efla og styðja allskonar búnaðarframkvæmdir á jörðinni Holti, svo sem til er tekið í 5. gr., og skal veita fje úr honum samkvæmt 3. gr., þó eingöngu ábúanda eða ábúendum tjeðrar jarðar, eftir tiltölu ábúðar þeirra og landsnyttja, með skilyrðum þeim, er segir í 5. gr.

## 3. gr.

Stofnfje sjóðsins er 500 — fimm hundruð — krónur, sem ávaxta skal með 4% ársvöxtum eða venjulegum sparisjóðsvöxtum, er árlega leggist við höfudstólinn, uns hann gefur 100 — eitt hundruð — króna árlega vexti, og skal þá verja vöxtum þessum til umbóta á jörðinni Holti 7 árin af hverjum 10 árum. Vöxtum 2ja ára skal varið til tryggingar gegn hverjum þeim harðindum, sem fyrir kunna að koma af völdum náttúrunnar, og skal því fje, sem ekki þarf á